



BYGGÐASAFN ÁRNESINGA

Aukaaðalfundur Byggðasafns Árnesinga bs. haldinn í Rauða Húsinu á Eyrarbakka 14. apríl 2026

Dagskrá aukaaðalfundar (vorfundur).

Aukaaðalfundur Byggðasafns Árnesinga bs. er haldinn í Rauða húsinu á Eyrarbakka þriðjudaginn 14. apríl 2026 að viðstöddum undirrituðum fulltrúum. Lýður Pálsson, safnstjóri Byggðasafns Árnesinga bs., situr einnig fundinn.

1. Fundarsetning (kosning fundarstjóra og fundarritara)

Fyrir hönd stjórnar Byggðasafns Árnesinga bs. setur Árni Eiríksson, ritari stjórnar, fundinn kl. 9:33 og býður fulltrúa velkomna. Í upphafi fundar er kallað eftir athugasemdum við útsent fundarboð. Engar athugasemdir eru gerðar. Árni leggur til að hann sjálfur verði fundarstjóri og að Rósa Sif Jónsdóttir verði fundarritari og er það samþykkt samhljóða. Síðan er gengið til dagskrár.

2. Skýrsla stjórnar um starfsemi liðins árs

Lýður Pálsson flytur skýrslu stjórnar og kynnir ársskýrslu liðins árs. Í upphafi máls síns ræðir hann hlutverk og eðli safna. Safn er ekki einungis hús með hlutum – það er hjarta samfélagsins þar sem varðveittar eru minningar, sögur og raddir sem annars myndu þagna. Á söfnum tengjast fortíð og framtíð, kynslóðir og staðir og minna okkur á hver við erum og hvaðan við komum. Þetta er tilgangur safns: Að halda utan um menninguna okkar og miðla henni áfram með virðingu og lífi. Hann hvetur fulltrúa til að halda uppi merki Árnessýslu og í þá góðu samvinnu sem staðið hefur verið að á ýmsum sviðum.

Á árinu hefur verið unnið í endurbótum og uppfærslu á heimasíðu safnsins. Kynnir hann starfsmenn safnsins og sýnir myndir úr safnastarfi sl. árs. Eins og áður er unnið fjölbreytt safnastarf í samræmi við stofnskrá. Starfið náði til varðveislu og skráningar muna, sýningarhalds

og innra starfs, auk forvörslu, rannsókna, ráðgjafar og upplýsingagjafar og umsýslu safnkosts. Sýningar voru settar upp og einnig voru lánaðir út safnmunir.

Á þorra var sett upp sýning fyrir leikskóla og yngstu bekki grunnskóla. Um páskana var sett upp sýningin *Endurálit - raddir unga fólksins* og í sumar var sett upp sýningin *Yfir beljandi fljót*, allar þessar sýningar eru settar upp í borðstofu Hússins á Eyrarbakka. Sýningin Gullspor stóð áfram í Sjóminjasafninu og að venju var sett upp jólasýning í Húsinu á aðventunni. Viðburðir voru kynntir á samfélagsmiðlum.

Gestir safnsins á árinu voru 6.427 og var salur á Búðarstíg 22 einnig vel nýttur.

Nýjar samþykktir fyrir safnið voru samþykktar á árinu og er safnið nú sérstakt byggðasamlag.

3. Ársreikningur 2025

Lýður fer yfir ársreikning og svarar fyrirspurnum.

Fundarstjóri gefur orðið laust um skýrslu stjórnar og ársreikning og til máls taka auk formanns Jón Bjarnason, Arnar Freyr Ólafsson og Grétar Ingi Erlendsson.

Reikningurinn er lagður fram og staðfestur.

4. Fundargerðir stjórnar og haustfundar lagðar fram til kynningar

Lýður fer yfir fundargerðir stjórnar nr. 20 frá 28. janúar og nr. 21 frá 16. mars sem eru lagðar fram til kynningar.

Fundarstjóri gefur orðið laust, enginn tekur til máls.

5. Önnur mál

Lýður fjallar um Rjómabúið á Baugstöðum og fer yfir sögu þess. Árið 1971 var stofnað varðveislufélag um Rjómabúið á Baugstöðum og er Byggðasafnið aðili að því. Byggðasafnið sér nánast alfarið um Rjómabúið og er gæsla á þess vegum í júlí og ágúst um helgar.

Stjórn Rjómabúsins hittist 1. apríl sl. og var samþykkt á þeim fundi að óska eftir að Byggðasafn Árnesinga tæki að öllu leyti við eignum og rekstri rjómabúsins og kennitala Rjómabúsins á Baugsstöðum yrði lögð niður. Rjómabúið yrði þannig hluti af Byggðasafni Árnesinga.

Fundarstjóri gefur orðið laust auk formanns og til máls taka Arnar Freyr Ólafsson, Fjóla St. Kristinsdóttir og Ari Björn Thorarensen.

Fundurinn samþykkir samhljóða að fela nýrri stjórn og safnstjóra að vinna að því að leggja niður félag sem sér um rekstur Rjómabúsins og leggja eignir þess alfarið inn í rekstur Byggðasafnsins í samráði við aðra eigendur búsins.

Fundi slitið kl. 10:30

Helgi Kjartansson, Bláskógabyggð
Kjartan Björnsson, Sveitarfélagið Árborg
Arna Ír Gunnarsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Bragi Bjarnason, Sveitarfélagið Árborg
Brynhildur Jónsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Sveinn Ægir Birgisson, Sveitarfélagið Árborg
Þórhildur Dröfn Ingvadóttir, Sveitarfélagið Árborg
Fjóla St. Kristinsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Arnar Freyr Ólafsson, Sveitarfélagið Árborg
Sigurjón Vídalín Guðmundsson, Sveitarfélagið Árborg
Álfheiður Eymarsdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Ellý Tómasdóttir, Sveitarfélagið Árborg
Ari Björn Thorarensen, Sveitarfélagið Árborg
Haraldur Þór Jónsson, Skeiða- og Gnúpverjahreppur
Jón Bjarnason, Hrunamannahreppur
Daði Geir Samúelsson, Hrunamannahreppur, áheyrnarfulltrúi
Guðrún S. Magnúsdóttir, Bláskógarbyggð
Smári Bergmann Kolbeinsson, Grímsnes- og Grafningshreppur
Ragnheiður Eggertsdóttir, Grímsnes- og Grafningshreppur, áheyrnarfulltrúi
Árni Eiríksson, Flóahreppur
Friðrik Sigurbjörnsson, Hveragerði
Dagný Sif Sigurbjörnsdóttir, Hveragerði
Vilhjálmur Baldur Guðmundsson, Sveitarfélagið Ölfus
Grétar Ingi Erlendsson, Sveitarfélagið Ölfus
Ingibjörg Garðarsdóttir, fjárhaldsmaður
Rósa Sif Jónsdóttir, ritar